

Skýrsla framkvæmdastjórnar um starfsemi Rekstrarfélags Sarps árið 2021

Ársskýrsla flutt á aðalfundi Rekstrarfélags Sarps haldinn í Reykjavík 24. maí 2022.

Landskerfi bókasafna hf. hefur umsjón með rekstri Rekstrarfélags Sarps í samræmi við þjónustusamning milli Landskerfis bókasafna hf. (LB) og Rekstrarfélags Sarps (RS).

Formlegt samstarf félaganna hófst að frumkvæði RS haustið 2013 með undirritun þjónustusamnings til tveggja ára. Síðan þá hefur samningurinn verið endurnýjaður tvisvar sinnum og gildir til loka september 2023. Markmið samstarfs RS og LB hefur frá upphafi verið að samnýta aðföng, auka gæðaeftirlit með skráningu í Sarp, stuðla að betri upplýsingagjöf til eigenda og notendabjónustu auk þess að bæta aðgengi almennings að gögnum í Sarpi með því að gera þau aðgengileg í gegnum leitarvél, m.a. á vefnum leitir.is. Í þjónustusamningnum felst að LB sér um daglegan rekstur, stjórnun og starfsmannahald félagsins, samningagerð, áframhaldandi kerfisþróun og notendabjónustu.

Skrifstofa RS er staðsett í húsnæði LB að Katrínartúni 4, Reykjavík.

Stjórnun félagsins

Samkvæmt samþykktum RS er stjórnun félagsins tvíþætt. Annars vegar skal félagið skipað níu manna fulltrúaráði og skal formaður koma frá Þjóðminjasafni Íslands. Hins vegar skal ráðið kjósa úr sínum hópi þriggja manna framkvæmdastjórn. Meginhlutverk fulltrúaráðs samkvæmt samþykktum félagsins er að ákveða stefnu þess, kjósa framkvæmdastjórn og hafa eftirlit með starfsemi RS.

Aðalfundur Rekstrarfélags Sarps var haldinn 27. maí 2021. Á fundinum var kjörið fulltrúaráð sem skipuðu: Þorbjörg Gunnarsdóttir, formaður og Ágústa Kristófersdóttir frá Þjóðminjasafni Íslands, Björn Steinar Pálmason og Dagný Heiðdal frá Listasafni Íslands, Anita Elefsen frá Síldarminjasafni Íslands, Berglind Þorsteinsdóttir frá Byggðasafni Skagfirðinga, Gerður Róbertsdóttir frá Borgarsögusafni Reykjavíkur, Haraldur Þór Egilsson frá Minjasafninu á Akureyri og Þóra Sigurbjörnsdóttir frá Hönnunarsafni Íslands.

Fulltrúaráðið kom saman að loknum aðalfundi og kaus þriggja manna framkvæmdastjórn. Í stjórn voru kjörin: Ágústa Kristófersdóttir, formaður, Björn Steinar Pálmason og Gerður Róbertsdóttir. Varamenn voru kjörin: Anita Elefsen, Dagný Heiðdal og Þorbjörg Gunnarsdóttir.

Áður hafði fulltrúaráðið fundað tvisvar á árinu, í janúar og í maí í aðdraganda aðalfundar.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum þess á milli funda fulltrúaráðs og aðalfundar. Meginhlutverk framkvæmdastjórnar samkvæmt samþykktum félagsins er að hafa eftirlit með rekstri þess og sjá til þess að skipulag og starfsemi sé í góðu horfi, að taka ákvörðun um veitingu notendaleyfa og setja gjaldskrá fyrir þjónustu félagsins. Gjaldskráin er þrepaskipt og tekur mið af ársverkfjölda aðildarsafns. Gjaldið hækkar á milli ára í takt við vísitölu neysliverðs. Gjaldskráin er aðgengileg á heimasíðu félagsins.

Framkvæmdastjórnin hélt alls 8 fundi á árinu 2021 og voru fundir ýmis stað- eða fjarfundir.

Stærsta viðfangsefni á ársins snéri að verkefni um arftaka núverandi kerfis, Sarps 3. Fyrrihluta árs var lokið var við þarfagreiningu fyrir nýtt skráningarkerfi og var vinnan unnin í tveimur vinnuhópum safnafólks undir handleiðslu verkefnastjóra. Sjónarhornin voru skráningarkerfið (innra starf) og miðlunargáttin sarpur.is (ytri þættir). Afurðin er Lokaskýrsla vinnuhópa fyrir þarfagreiningu arftaka Sarps 3, sjá <https://landskerfi.is/kerfin/arftaki-sarps-3/arftaki-sarps-3>.

Samhliða þarfagreiningu var ráðgjafi fenginn til að vinna greiningu á valkostum vegna endurnýjunar Sarps. Þar voru fjórar leiðir vegnar og metnar m.t.t. kostnaðar, tímaþáttar, gæða og áhættu. Leiðirnar eru (i) nýsmíði Sarps, (ii) kaup (leiga) á erlendu kerfi, (iii) samstarf um afnot erlendrara lausnar (Primus) og (iv) endurbætur á Sarpi 3. Í skýrslunni kom fram að val á nýju kerfi sé útboðsskyld á EES. Leið (iii) samstarf við KulturIt um Primus kom í fyrstu best út í greiningu ráðgjafa en við nánari skoðun kom í ljós að þar léki mikill vafi á. KulturIt getur ekki tekið þátt í útboði, því hefði stofnkostnaður þurft að liggja undir viðmiðum útboðsskyldu. Stjórn og fulltrúaráð ákváðu að heppilegra væri að horfa til annarra valkosta enda Primus kerfið komið til ára sinna. Áður hafði leið (iv) þ.e. endurbætur á Sarpi 3 verið útilokuð enda kerfishögun ekki lengur í takt við tímann. Niðurstaða framkvæmdastjórnar og fulltrúaráðs varð því sú að leið (ii) leiga eða kaup á nýju kerfi að undangengu útboði væri vænlegust fyrir val á nýju kerfi. Í henni virðist felast mesta framþróunin fyrir Sarp og notendur hans auk þess sem hún fellur best að niðurstöðum þarfagreiningarinnar. Kostnaður við þessa leið til sjö ára er mjög gróflega metinn sem 185 millj.kr. Þar af er stofnkostnaður áætlaður að lágmarki 50 millj.kr. Inni í þeirri tölu er vinna Ríkiskaupa við útboð, innkaup á kerfi, staðfæring kerfis yfir á íslensku, yfirfærsla gagna auk verkefnastjórnunar. Launakostnaður er ekki inni í þessari tölu.

Í því skyni að kanna áhuga markaðarins á að taka þátt í útboði um nýtt skráningarkerfi var ákveðið að fara í svokallaða forkönnun (e. Request for Information) á EES og hafði Ríkiskaup umsjón með framkvæmdinni. Sjö aðilar brugðust við auglýsingunni og virtust fimm þeirra geta uppfyllt meginkröfur RS til nýs kerfis, það eru: Axiell Danmark A/S en kerfi þeirra er Axiell Collection, Collector Systems LLB með Collector Systems, Gallery Systems með TMS Suite, Robotron Datenbank – Software GmbH með robotron *Daphne og Zetcom GmbH með MuseumPlus. Niðurstaðan gefur vísbendingu um mögulega þátttakendur og fjölda tilboða í útboði en það mun þó endanlega ráðast af kröfum sem gerðar verða í útboði.

Félagið gekk til samstarfs við Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista (MSHL) sem er undir Háskóla Íslands. MSHL er komin á svokallaðan vegvísi hjá Rannís og hefur því forgang að styrkjum úr Innviðasjóði næstu árin. MSHL sótti um styrk til endurnýjunar á Sarpi í samvinnu við RS í nóvember 2021 og fékk samþykktan styrk 42 m.kr. RS samþykkti greiðslu 14,2 m.kr. mótframlags félagsins í tengslum við umsókn í Innviðasjóð. Þar sem MSHL er samningsaðili við Innviðasjóð þarf að ganga frá samkomulagi RS við MSHL og er það mál í vinnslu.

Þessu til viðbótar var haustið 2021 sótt um öndvegisstyrk í safnasjóð í samstarfi við Borgarsögusafn Reykjavíkur til þess að kosta helming stöðugildis nýs starfsmanns til að vinna áfram að innleiðingu á nýju skráningarkerfi. Hlaust styrkur til þriggja ára upp á 14.4 milljónir. Félagið mun sjálft taka á sig hinn helming kostnaðarins.

Með þessum tveimur styrklofordum er félagið búið að tryggja fjármagn til greiðslu stofnkostnaðar nýs kerfis skv. áætlun og helmings launakostnaðar við nýtt framtíðarstöðugildi sem auglýst verður laust til umsóknar fyrir lok mánaðarins.

Starfsmannahald

Sveinbjörg Sveinsdóttir starfaði sem framkvæmdastjóri RS og LB en sérfræðingar LB sinntu afmörkuðum verkefnum og ráðgjöf við RS í um 60% starfshlutfalli.

Vala Gunnarsdóttir gegndi áfram starfi fagstjóra Sarps. Cecilie Gaihede var verkefnastjóri í 70% starfshlutfalli í afmörkuðu verkefni og lauk hún störfum 31. ágúst 2021.

Bæði fagstjóri og verkefnastjóri eru starfsmenn LB en sinna alfarið verkefnum fyrir RS sem greiðir allan útlagðan launa- og launatengdan kostnað samkvæmt reikningi.

Rekstur RS

Félagið var rekið á grundvelli fjárhagsáætlunar sem samþykkt var í upphafi starfsársins.

Rekstrartekjur félagsins á árinu 2021 námu um 47,4 millj. kr. og skiptast í tekjur vegna notendaleyfissamninga, kr. 43,4 m.kr. og styrk úr safnasjóði kr. 4,0 m.kr. Rekstrarkostnaður ársins var 39,8 millj. kr.. Þar af nam rekstrarkostnaður Sarps 3 um 8,7 millj.kr. og hækkar lítillega á milli ára en kostnaður vegna arftaka hans um 4,5 millj. kr og er dregið saman sem rekstrarkostnaður kerfis 13,2 millj. kr.. Laun og tengd gjöld eru 14,8 millj. kr. og annar rekstrarkostnaður er 11,7 millj. kr. Hagnaður ársins er 7,8 millj. kr.

Eigið fé félagsins í lok árs 2021 er 55,7 millj. kr. og heildareignir rétt tæpar 58 millj. kr. Veltufjárhlutfall sem er hlutfall skammtímaskulda af veltufé er 25,63

Rúmlega 34 millj. króna eigna eru bundnar í Þróunarsjóði sem settur var á laggirnar á aðalfundi félagsins árið 2017 en hann lítur sérstökum verklagsreglum líkt og kemur fram í skýringu 8 í ársreikningi. Tilgangur með sjóðnum er að gera félaginu kleift að leggja til hliðar fjármuni til að standa straum af kostnaði vegna stærri skrefa varðandi kerfisþróun Sarps og sarpur.is. Eiginfjárhlutfall þ.e. hlutfall eigin fjár af heildareignum er 96,1%.

Nánari upplýsingar er að finna í ársreikningi RS fyrir árið 2021.

Af vettvangi kerfisþróunar, viðhalds og reksturs Sarps 3

Prógramm ehf. sinnti áfram forritun vegna viðhalds Sarps 3 samkvæmt gildandi samningi sem gerður var síðla árs 2017. Sem fyrr er vinnan unnin undir handleiðslu fagstjóra Sarps. Fyrirtækið þekking sér um hýsingu Sarps og sarpur.is.

Á árinu 2021 voru kerfisuppfærslur, sem unnar eru í svokölluðum sprettum alls sex talsins. Hér var mestmegnis um minniháttar viðhald að ræða t.d. villulagfæringar og smærri viðbætur. Einnig var leitin á ytri vef og í nafnaskránni bætt sem og pdf-útprent úr kerfinu. Loks var haldið áfram tiltekt í gögnum kerfisins í því skyni að auðvelda vinnu þegar kemur að gagnaflutningum úr Sarpi 3. Efnisorð í Sarpi voru til sérstakrar skoðunar og var settur saman sérfræðihópur sem hittist fjórum sinnum á árinu á fjarfundum. Þar voru efnisorðin til umræðu en ýmis efnisorð eru tvítekin í Sarpi og sum mjög lík. Rætt var um hvaða orð mætti sameina og settur saman listi.

Í desember 2020 var sótt um styrk í safnasjóð til að fá aðstoð við útlitshönnun á nýjum Sarpi og vann Hugsmiðjan tillögur eftir kröfulýsingu sumarið 2021.

Skráningarráð Sarps og skráningarhandbók

Skráningarráð Sarps hélt tvo fundi á árinu 2021 í gegnum Teams, í júní og október. Hlutverk ráðsins, sem hefur verið starfrækt frá árinu 2015, er að stuðla að samræmingu og gæðum skráninga í Sarp. Meginverkefni ráðsins er umsjón með skráningarhandbók Sarps auk þess sem ráðið ályktar um álitamál sem varða skráningu. Umfjöllunarefni ráðsins þetta árið voru t.d. birting myndlausra færslna á ytri vef, hvort fjarlægja ætti „panta mynd“ hnappinn af einstaka

aðfangategundum á ytri vefnum, nafnleynd þjóðháttsvara, efnisorð og aðkoma ráðsins að verkefninu við val á nýju kerfi

Heimasíða skráningarráðsins er: <https://www.landskerfi.is/rekstrarfelag-sarps/samstarfsadilar/-skraningarrad> og má þar nálgast fundargerðir frá fundum þess. Í ráðinu sátu árið 2021: Þorvaldur Böðvarsson frá Þjóðminjasafni Íslands sem formaður, Anna Lís Guðmundsdóttir frá Borgarsögusafni Reykjavíkur, Elín Guðjónsdóttir frá Listasafni Íslands, Lýður Pálsson frá Bygðasafni Árnesinga og Nanna Þóra Áskelsdóttir frá Bygðasafninu í Görðum á Akranesi.

Samstarf við Safnaráð – eftirlit skráningarverkefna

Fagstjóri Sarps hefur umsjón með eftirliti með skráningarverkefnum fyrir hönd safnaráðs í nánu samstarfi við ráðið. Safnaráð hefur heimild til þess að afhenda RS umsóknargögn vegna styrktra skráningarverkefna sem varða Sarp. Með umsókn í safnasjóð vegna skráninga í Sarp, skuldbindur umsækjandi sig til að kynna sér og fylgja reglum sem gilda um skráningu í Sarp og setja sig í samband við RS áður en verkefnavinnan hefst. Ef safn fær verkefnastyrk úr safnasjóði vegna skráningarverkefna í Sarp, þá upplýsir safnaráð RS um styrkþega, upphæð og umfang verkefnis. Þessi gátlisti á við bæði styrki til eins árs sem og Öndvegissstyrki úr safnasjóði sem veittir eru til skráningarverkefna.

Fjöldi notenda – nýir notendur - umfang gagnasafnsins – heimsóknir á vefi

Listaverkasafn Seðlabanka Íslands bættist í hóp greiðanda á árinu. Greiðendur í lok árs voru alls 60 talsins, þar af voru 38 með sameignaraðild að félaginu.

Aukning varð í fjölda virkra notenda í Sarpi á milli ára. Í maí 2022 eru samtals 263 notendur skráðir með virkan aðgang á innri vef Sarps miðað við 247 virka notendur á sama tíma í fyrra. Þar af eru 11 notendur tengdir viðhaldi og daglegum rekstri kerfisins þ.e. ekki starfsmenn aðildarsafna. Um 82% eða 216 notendur voru með kerfisaðgang sem gerir kleift að bæði lesa, skrá og breyta eldri færslum einhvers aðfangs í Sarpi (B – breytinga- og skráningaraðgangur). 24 notendur eða 9% eru með leyfi til að nýskrá en ekki breyta og lagfæra eldri skráningar, nema sínum eigin (S-skráningaraðgangur) og 4.5% eða 11 notendur voru einungis með lesaðgang að kerfinu (L - lesaðgangur).

Heildarfjöldi skráðra aðfanga í Sarpi í maí 2021 voru 1.587.608. Þar af eru 1.302.212 aðföng birt á sarpur.is í maí 2022. Nýskráningar ársins 2021 voru 62.088 talsins og gerðar voru breytingar á 145.531 eldri færslum (þ.e. uppfærðar upplýsingar eða sett inn mynd). Þessar tölur eru allar fengnar með skýrslugerðarverkfæri sem var búið til árið 2020 sem dregur tölfraðigögn beint úr kerfinu. Með þessu verkfæri var betur hægt að rýna í gögnin og kom í ljós að í fyrri ársskýrslum varðandi heildarfjölda skráninga voru rafræn skjöl talin með (þ.e. skjöl og ljósmyndir tengdar við skráningarfærslur). Sú tala gefur því ekki rétta mynd af heildarfjölda skráðra safngripa í kerfinu. Ef rafræn gögn eru talin með í dag er heildarfjöldinn 2.174.070. Að auki var ráðist í mikla tiltekt í kerfinu en 12.286 svokallaðar „draugafærslur“ fundust í kerfinu sem einnig töldust með í tölfraði. Þessar færslur voru ónýtar skráningar sem líklega urðu til við gagnaflutninga úr Sarpi 2 yfir í Sarp 3 á sínum tíma, á þær vantaði t.d. undirskrár. Þessar færslur voru ekki sýnilegar safnamönnum og höfðu því ekki áhrif á þeirra vinnu, söfnin töpuðu engum skráningum þegar þessum færslum var eytt úr kerfinu því þær voru tvíteknar.

Heimsóknir á sarpur.is aukast enn ár frá ári. Á árinu 2021 voru heimsóknir 219.314 talsins en voru 201.432 árið á undan sem er tæplega 9% aukning. Rúmur helmingur þeirra sem sækja vefinn sarpur.is heim eða 56% ratar inn á hann í gegnum leitarvél á borð við Google. Um 22% fara beint inn á vefslóðina, 20% fara í gegnum samfélagsmiðla (84% þeirra frá facebook) og síðustu 2% í gegnum tengla ýmiskonar t.d. á heimasíðum safna, fjölmiðlum eða tölvupósti.

Á árinu 2021 bættust við 13 sýningar á sarpur.is. Alls eru því 79 sýningar í birtingu á sarpur.is en voru 66 árið á undan.

Kennsla og notendapjónusta

Á vef Landskerfis bókasafna, landskerfi.is er að finna þjónustuvef með fjölbreyttum leiðbeiningum um notkun Sarps auk verkbeiðnakerfis fyrir fyrirspurnir og hjálparbeiðnir frá starfsmönnum aðildarsafna Sarps. Mælt er til þess að starfsmenn stofni aðgang á vefnum til að fullnýta þá þjónustu sem þar er í boði og fá sem skjótust og best viðbrögð við þjónustuerindum. Um leið og aðgangur er stofnaður er mælt með því að notendur skrái sig á póstlista Sarps til að fá tilkynningar frá félaginu um uppfærslur Sarps, fyrirhuguð námskeið og fleira. Í maí á þessu ári höfðu 169 starfsmenn safna stofnað aðgang á vefnum en voru 155 á sama tíma árið áður. Ekki voru haldin námskeið í Katrínartúninu á árinu en þess í stað var boðið upp á tvö grunnnámskeið í formi fjarkennslu. Einnig var í tvígang boðið upp á „Fjaraðstoð í Sarpi“ en hugsunin var að notendur sem þyrftu aðstoð eða svör við vandamálum gætu átt beint samtal við fagstjóra í gegnum fjarfundabúnað. Fjarkennslan mæltist vel fyrir og voru þáttakendur alls 21 talsins. Notendur lýstu ánægju með þetta kennsluform og þá sérstaklega þeir sem eru ekki af höfuðborgarsvæðinu.

Lokaorð

Það er ekki ofsögum sagt að Sarpur stendur á krossgötum. Sarpur hefur verið til sem skráningar- og umsýslukerfi safna frá árinu 1998, fyrst aðeins aðgengilegur safnafólki en á árinu 2013 varð hann aðgengilegur almenningi á ytri vef sarpur.is. Núverandi kerfi, Sarpur 3 var tekið í notkun 2011. Á árinu 2020 var farið að huga að arftaka Sarps 3 og var þeirri vinnu fram haldið á árunum 2021 og 2022 með víðtæku samráði. Þessa dagana stendur yfir gerð kröfulýsingar fyrir útboð á EES svæðinu en gert er ráð fyrir að kerfið verði boðið út í haust. Nú þegar fjármögnun stofnkostnaðar nýs skráningarkerfis og viðbótar mannafla hefur verið tryggður með styrkjum úr Innviðasjóði Rannís og safnasjóði er næsta verkefni félagsins að finna leiðir til að fjármagna rekstur félagsins til framtíðar í framhaldi af kerfisskiptum. Ekki má heldur gleyma að eftir er að fjármagna kaup og rekstur á DAMS (e. Digital Asset Management Systems) kerfi sem er nauðsynleg viðbót við nýtt skráningarkerfi sem og ytri vef Sarps. Þetta verður mikilvægasta verkefni félagsins næsta árið. Nú er til skoðunar að fá MSHL til liðs við RS og sækja um í Innviðasjóð.

Sarpur og sarpur.is er menningarsögulegt gagnasafn sem veitir almenningi og safnmönnum heildstæða yfirsýn yfir menningarminjar íslenskra safna og gegnir því lykilhlutverki þegar kemur að aðgengi, rannsóknum og miðlun á menningararfi landsins. Nýr Sarpur, arftaki Sarps 3 þarf að taka mið af þörfum nútímans og óskum stjórnvalda sem endurspeglast m.a. í *Menningarsókn, aðgerðaráætlun til 2030* unnin í mennta- og menningarmálaráðuneyti á árunum 2018-2021 enda er Sarpur nauðsynlegt tæki til að hrinda stefnunni í framkvæmd. Það er vilji stjórnar að fjölga notendum Sarps á næstu árum og styrkja rekstrargrunn félagsins, horft er sérstaklega til þess að með tengingu við DAMS kerfi verður nýr sarpur ekki aðeins skráningarkerfi og upplýsingaveita heldur einnig varðveislustaður stafrænna afrita og frumgagna. Með því móti vonum við að Sarpur svari kröfum samtímans og framtíðarinnar um stafrænt aðgengi.

Framkvæmdastjórn vill þakka fulltrúaráði og aðildarsöfnum Sarps fyrir gott samstarf á árinu. Sérstaklega skal skráningarstjóra Þjóðminjasafns Íslands, Þorvaldi Böðvarssyni, þakkað fyrir samstarfið og framlag hans til þróunar Sarps frá upphafi. Fyrrum starfsmanni félagsins, Cecilie Gaihede eru þökkun góð störf. Að endingu eru Sveinbjörgu Sveinsdóttur framkvæmdastjóra, Völu Gunnarsdóttur fagstjóra og öðrum starfsmönnum Landskerfis bókasafna færðar þakkir fyrir heilladrjúg störf í þágu félagsins.

F.h. framkvæmdastjórnar Rekstrarfélags Sarps

Ágústa Kristófersdóttir, formaður
Björn Steinar Pálmason, gjaldkeri
Gerður Róbertsdóttir, ritari